

Afstaða til málatilbúnaðar Ice Lagoon ehf á hendur Sveitarfélaginu Hornafirði.

Á íbúafundi í Hrollaugstöðum 23. maí s.l. kom fram í orðum bæjarfulltrúa framsóknarflokksins og stuðningsmanna hans að vilji væri til að gera allt til að semja um málið svo ekki þyrfti að leita eftir úrskurði dómstóla. Hér er óneytanlega um stóra yfirlýsingu að ræða, eins og flestum er kunnugt um er hér krafa um viðurkenningu á bótaskyldu að ræða. Stefnandi hefur haft uppi að fjárhæðir sem um ræðir séu á bilinu 223 til 273 milljónir samkvæmt mati Ernst & Young ehf. Bótakrafan nær til árana 2010 til 2017 vegna aðgerða sveitarfélagsins á þeim tíma.

- 1. Ætla bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins og stuðningsmanna hans að semja við Ice Lagoon ehf án úrskurðar dómstóla um réttmæti kröfunnar?**

Svar: Það er mér bæði ljúft og skylt að svara þessu, það er mín persónulega skoðun að sveitafélagið eigi að leita allra leiða til að komast hjá því að vera í málaferlum við íbúa og fyrirtæki á svæðinu. Ég svarði því til, að fyrst vildi ég athuga hvort væri sammingsgrundvöllur á milli deiluaðila, þar með er ekki sagt að gengið yrði að kröfum stefnanda að öllu leiti. Ég sagði líka eins og allir sem svöruðu spurningunni sem upp var borin, að auðvita myndi maður leita ráða hjá lögfræðingum, en þetta mál þarf að leysa sem fyrst, það er best fyrir alla

- 2. Ef svo er hvaða upplýsingar hafa bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins og stuðningsmanna þeirra sem tvær síðustu bæjarstjórnir hafa ekki haft í þessu máli og gerir það að verkum að viðurkenna eigi bótaskyldur án úrskurðar dómstóla um réttmæti kröfunnar.**

Svar: Bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins og stuðningsmanna þeirra hafa engar upplýsingar aðrar en allir sem að málinu hafa komið mér að vitandi.

Fyrir hönd frambjóðenda Framsóknarflokksins og stuðningsmanna þeirra.
Ásgrímur Ingólfsson.